# Hrannarstígur

16.01.2026

## Endurnýjun gangstétta og uppbygging blágænna beða..

Framkvæmd í gangi - áætluð verklok vor 2026







ICEWATER verkefnið er samfjármagnað af Evrópusambandinu

Icewater

EARTHCHECK

16.01.2026

## Upplýsingar um framkvæmd

Endurnýjun á gangstéttum og blágræn beð sett upp á Hrannarstíg neðan verðum, þ.e. frá Kjörbúðinni og niður að Nesvegi. Framkvæmd á gangstéttum og beðamótun er lokið. Hornsvæði sitthvoru megin við Sólvelli á eftir að framkvæma og er á áætlun vor 2026. Einnig á eftir að bæta við gróðri í öll beð.







## Markmið

Gangstéttin verður breið og góð og bætir til muna öryggi vegfarenda á Hrannarstíg. Götulýsing er einnig endurnýjuð. Breidd gangstéttar er um 2,5-4,5 metrar og er hún mótuð í lífrænum línum. Hér er unnið á svæði sem er skilgreint sem „miðbæjarsvæði“ og verður hellulögn og gróður í takt við það. Mun meira er lagt í fagurfræðina og frágang á þessu svæði en mörgum öðrum. Framkvæmdin á einnig að auðvelda snjómokstur á gangstéttum en blágræn beð eru nýtt sem snjósöfnunarsvæði ef þess þarf.

16.01.2026










